



Minjastofnun  
Íslands

## VERNDAR SVÆÐI Í BYGGÐ TEXTI KYNNINGAR

2. „Komandi kynslóðir verða ekki í neinum vandræðum með að byggja hús, þær munu búa við allsnægtir í þeim efnum, sem við vart gerum okkur grein fyrir. En eitt geta þær ekki gert: þær geta ekki byggt gömul hús. Þau sögulegu hús sem nú verða rifin verða aldrei byggð aftur. (Einar Olgeirsson (1966) hér úr *Íslensk byggingararfleifð II*, bls. 21)

3. Það er ekki svo langt síðan að Íslendingar gerðu sér grein fyrir að þeir ættu merkan arf í gömlum húsum.

4. Lengi fram eftir 20. öld var það stefnan að eldri hús ættu að víkja fyrir nýttískulegri byggð, bílastæðum og umferðaræðum. Gömul hús voru talin úrelt og hættuleg sem brunagildirur.

5. Á fyrstu árum húsverndar á Íslandi, um og eftir 1970, var áhersla lögð á að varðveita stök sýnishorn af gömlum byggingum. Í flestum tilvikum var um að ræða elstu og verðmætustu húsin. Nokkur þeirra fengu að standa áfram á sínum stað en það sem byggt var í kring tók lítið mið af sögunni. Almenna reglan var sú að gömul byggð ætti að víkja.

6. Mörg eldri hús voru flutt af sínum upprunalega stað og á safnasvæði utan við byggðina. Á árunum 1967-1970 var unnin húsakönnun í Reykjavík m.a. með tilliti til þess hvaða merku hús ætti að varðveita á Árbæjarsafni.

7. Sú hugmynd að varðveita stök hús sem sýnishorn af fortíðinni á minjasöfnum var liður í skipulagshugsun þess tíma. Menn sáu ekki fyrir sér að gömu húsin gætu haft hlutverki að gegna í nútímalegum miðbæ.

8. Með árunum vaknaði vitund um að sögulegt gildi húsa væri ekki bundið við hús ein og sér heldur skipti samhengi þeirra og allt nánasta umhverfi líka máli. Slík verndun er eðli máls samkvæmt flóknari í framkvæmd og varðar breiðari hagsmuni en björgun

einstakra húsa. Til þess að svipmót eldri byggðar haldist þarf að taka um það pólitíska ákvörðun - slíkt gerist ekki af sjálfu sér.

9. Grjótaþorp í Reykjavík er eitt fyrsta dæmið um svæði sem verndað var sem heild í skipulagi. Byggðin þar hafði lengi verið í uppnámi m.a. vegna áforma um lagningu hraðbrautar þvert yfir reitinn. Vegna langvarandi óvissu um framtíð gömlu húsanna höfðu eigendur þeirra ekki talið raunhæft að halda þeim við árum saman.

10. Í skipulagi miðbæjar Reykjavíkur á 7. og 8.áratugnum var mælt fyrir um algera endurnýjun byggðar við Aðalstræti í tengslum við framlengingu Suðurgötu í gegnum Grjótaþorp.

11. Með 68 kynslóðinni varð mikil vitundarvakning um húsvernd um og eftir 1970. Stofnuð voru samtök sem beittu sér fyrir verndum Bernhöftstorfu og Grjótaþorps. Muna ugglaut margir eftir þessum umbrotatímum húsverndar á 8. áratugnum. (SKIPTA)

12. Árið 1976 vann Árbæjarsafn vandaða húsakönnun í Grjótaþorpinu þar sem saga húsanna var rannsökuð, ástand þeirra metið og kostnaður við endurnýjun greindur.

13. Í kjölfarið á húsakönnun Árbæjarsafns árið 1980, leit dagsins ljós fyrsta deiliskipulag hér á landi sem þar sem varðveisla sögulegrar byggðar var meginmarkmið. Markaði það tímamót í húsvernd á Íslandi.

14. Teikning arkitekta og götummynd Mjóstrætis eins og hún lítur út í dag.

15. Í tengslum við skipulagsvinnu í elsta hluta Stykkishólms í lok 8. áratugarins réð Sturla Böðvarsson, þáverandi bæjarstjóri, Hörð Ágústsson listmálara og sérfræðing í byggingarsögu til að gera húsakönnun.

16. Í kjölfar húsakönnunarinnar var m.a. ákveðið að setja 23 hús í hverfisvernd. Ekki var heimilt að byggja nýbyggingar eða viðbyggingar sem brytu í bága við stærðir og hlutföll þeirra húsa sem á svæðinu voru auk þess sem skilyrði voru sett um efnisnotkun.

17. Með þessari ákvörðun varð hin sögulega ásýnd ráðandi einkenni gamla bæjarins í Stykkishólmi. Með henni var lagður grunnur að þeim umhverfisgæðum og samfélagslegu verðmætum sem byggðarlagið nýtur góðs af í dag.

18. Á Djúpavogi hafa sveitarfélagið og íbúar þess staðið að uppgerð húsa á síðustu árum svo athygli hefur vakið. Í nýju aðalskipulagi Djúpavogshrepps er fjöldi svæða með menningarminjum verndaður með hverfisvernd. Þar má ekki aðhafast neitt sem rýrir

gildi svæðanna. Jafnframt er menningarminjum fundið hlutverk innan samfélagsins og í tengslum við atvinnuþróun.

19. Í Reykjavík hefur mikilvæg stefnubreyting orðið í skipulagsmálum frá 7. og 8. áratugnum þegar rífa átti allt gamalt og úrelt. Í nýju aðalskipulagi nýtur svæðið innan Hringbrautar sérstakrar hverfisverndar sem á að stuðla að varðveislu heildaryfirbragðs og einkenna gamla bæjarins. Virða á svipmót húsa og mælikvarða og halda á lofti sögulegum gildum.

20. Fleiri dæmi mætti nefna um merk frumkvöðlaverkefni í hverfisvernd, Flatey á Breiðafirði, gamla bæjarhlutann á Eyrarbakka, Fjöruna og Innbæinn á Akureyri og Garðahverfi á Álftanesi.

21. Þrátt fyrir gott framtak einstakra sveitarfélaga í verndun heilda og götummynda eru Íslendingar enn eftirbátar annarra þjóða þegar kemur að hönnun og útliti þess sem manngert er. Þegar ferðast er um landið blasir víða við æpandi skortur á tilfinningu fyrir hinu sjónræna í byggðu umhverfi, tilfinningu fyrir því hvernig fella má ný mannvirki að því sem fyrir er, jafnt náttúru og byggð. Dæmi um nýreist mannvirki við jaðar svæðis sem skilgreint er sem verndarsvæði í aðalskipulagi.

22. Í þessum efnum geta Íslendingar mikið lært af nágrönnum okkar í Færeyjum. Strax árið 1955 tók landsstjórnin ákvörðun um að friða Þinganes, elsta og merkasta hluta Þórshafnar. Þar er nú falleg og gróskumikil söguleg byggð þar sem alúð er lögð í öll útfærsluatriði húsanna og nánasta umhverfis þeirra. Þess var frá upphafi gætt að verndunin raskaði ekki íbúasamsetningu hverfisins.

23. Markmiðið með nýsamþykktum lögum um verndarsvæði í byggð er að hefja til vegs og virðingar svæði í þéttbýli og byggðakjarna utan þéttbýlis um land allt sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis.

24. Þó megináhersla sé lögð á elsta kjarnann í hverju byggðalagi geta heilsteypt hverfi og merkar götummyndir með listrænt gildi frá ólíkum tímabilum 20. aldar einnig komið til greina sem verndarsvæði í byggð.

25. Skilmálar verndarsvæða taka ekki einungis til mælikvarða og stíls þeirra bygginga sem á svæðinu eru heldur eru lagðar línurnar varðandi liti húsa, þakefni, gluggagerðir, grindverk, hlið, gróður, yfirborðsefni, götulýsingu og ýmislegt annað sem hefur áhrif á heildarásýnd þess. Stýring á umferð og staðsetning bílastæða getur verið veigamikil

atriði í skilmálum verndarsvæðis. Í þeim getur einnig falist mjög strangt aðhald með umfangi, efnisvali og útliti nýbygginga sem mögulega hafa áhrif á heildarmynd svæðisins.

26. Tilgangur verndarsvæða er að komandi kynslóðir geti upplifað söguna með áþreifanlegum hætti og sem hluta af daglegu umhverfi sínu. Staðir, þar sem byggingarlist, menningarsaga og náttúrulegt umhverfi mynda órofa heild eru dýrmæt lífsgæði fyrir hvert byggðarlag. Lögum um verndarvæði í byggð er ætlað að standa vörð um slíka upplifun.

27. Við val á verndarsvæðum er mikilvægt að huga að sögulegum rótum hvers byggðarlags og sérkennum þess í menningu, byggingarstíl og atvinnuháttum. Mikilvægt að almenningur og íbúar komi að þeim ákvörðunum.

28. Hugmyndin um verndarsvæði í byggð felst m.a. í að samræma markmið í skipulagi, samfélags- og atvinnuþróun þar sem auðlindin felst í gæðum hins byggða umhverfis. Verndun og uppbygging eru ekki ósambættanleg sjónarmið heldur ER verndun líka uppbygging. Söguleg bæjarmynd er sjálfsagður hluti af nýrri uppbyggingu en ekki staðnaður minnisvarði um liðna tíma.

29. Verndun svæða í þéttbýli skapar efnahagslegan og samfélagslegan virðisauka og styður þannig sjálfsmynd og efnahag byggðarinnar. Víða erlendis hefur það sýnt sig að slík verndun eykur verðgildi fasteigna og aðdráttarafli svæðisins. (SKIPTA)

30. Innan verndarsvæða í byggð er framtíðarsýn svæðisins skýr. Engar nýframkvæmdir sem skaða ásýnd þess og heildarmynd eru leyfðar. Slíkt hefur stundum reynst erfitt að tryggja með nógildandi skipulags- og menningarminjalöggjöf.

31. Eigendur húsa innan verndarsvæða geta treyst því að umhverfi þeirra haldist með verðgildi fasteigna þeirra haldist og sé ekki ógnað með uppkaupum og niðurrifi. Að þessu leyti fela lögin í sér mikilvæga réttarvernd fyrir fólk sem hefur lagt mikla vinnu og aleigu í endurgerð gamla húsa í trausti þess að það umhverfi sem það er hluti af haldist.

32. Í heildstæðu svipmóti er fólgin fegurð og fólk sækist eftir að heimsækja þau svæði þar sem fallegar byggingaheildir er að finna.

33. Slíkt aðdráttarafl eflir jákvæða sýn á svæðið, gestum fjölgar og tækifæri í ferðapjónustu og menningarstarfsemi aukast. Að sama skapi fjölgar þeim ferðamönnum sem kjósa að dvelja á staðnum og fleira fólk kýs að setjast þar að.

34. Hér á undan hefur verið dregin upp mynd af því hvernig hugmyndin um húsvernd hefur þróast hér á landi og hvernig hin nýju lög eru liður í þeirri þróun. Við höfum séð dæmi um hvernig nokkur sveitarfélög hafa náð lofsverðum árangri á þessu sviði á grundvelli gildandi skipulags- og menningarminjalaga. Lögin um verndarsvæði í byggð er ný og vonandi greiðari leið að sama markmiði – markmiði sem flestir geta verið sammála um að sé mikilvægt. Skiptar skoðanir eru um kosti og galla hina mismunandi leiða frá lagatæknilegu sjónarmiði – en markmið hinna nýju laga hafa fáir dregið í efa. Gildi þeirra felst ekki síst í þeirri framtíðarsýn sem að baki þeim býr – sýn sem felst í skipulegu og samstilltu átaki sveitarfélaga og áhugafólks um allt land til að hefja til vegs og virðingar þann sögulega arf sem býr í hinu byggða umhverfi á hverjum stað – þannig að fallega uppgerðir gamlir bæjarkjarnar og búsetusvæði verði eitt af því sem vekur stolt og metnað heimafélks og athygli þeirra sem landið sækja heim.

*35. Núverandi kynslóð er stundum orðhvöss gagnvart fátækum forfeðrum, er glatað hafi dýrmætum skrifuðum söguminjum, en hún má gæta þess að komandi kynslóðir dæmi hana ekki harðar fyrir að hafa vísvitandi eyðilaggt í bráðræði, steigurlæti eða gróðabraski sögulegar minjar sem eigi verða endurheimtar.“ (Einar Olgeirsson (1966) hér úr *Íslensk byggingararfleifð II*, bls. 21)*